

# ÁRSREIKNINGUR
# LANDSPÍTALA 2015

# Efnisyfirlit

Bls.

Staðfesting ársreiknings ........................................ 3
Áritun endurskoðenda ........................................ 4
Rekstrarreikningur ........................................ 5
Efnahagsreikningur ........................................ 6
Sjóðstreymi ........................................ 7
Skýringar ........................................ 8

# Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2015

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þríþættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónusta við sjúklinga, menntun og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru *Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun.* Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2015 störfuðu að meðaltali 4.923 starfsmenn á LSH í 3.739 stöðugildum (ársverk).

Á árinu 2015 var ársveltan um 57.994 m. kr. Tekjuafgangur var á árinu þar sem rekstrartekjur og ríkisframlag voru 56 m. kr. umfram rekstrargjöld. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur ójafnað eigið fé spítalans 2.905 m. kr. í árslok 2015. Eignir spítalans nema 2.561 m. kr. en skuldir eru samtals 5.283 m. kr. Þar af er skuld Landspítala við ríkissjóð 1.810 m. kr. í lok árs.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2015 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 18. mars 2016.

Páll Matthíasson
forstjóri

María Heimisdóttir
framkvæmdastjóri

# Áritun endurskoðenda

Til Landspítala og velferðarráðuneytis

**Ábyrgð stjórnenda**
Við höfum endurskoðað ársreikning Landspítala fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta álit okkar.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítalans á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 18. mars 2016

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Rekstrarreikningur árið 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Þjónustutekjur | 14 | 3.666.424 | 3.391.677 |
| Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði og öðrum stofnkostnaði | 15 | 287.667 | 363.289 |
| Aðrar tekjur | 16 | 2.608.936 | 1.021.581 |
| S-merkt lyf og blöndunargjöld, sala til SÍ | 17 | 3.359.624 | 4.857.354 |
| S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður | 17 | ( 3.291.126) | ( 4.758.153) |
| **Tekjur samtals** | | 6.631.525 | 4.875.748 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 18 | 38.644.821 | 34.719.707 |
| Vörunotkun | 19 | 8.346.929 | 7.495.212 |
| Aðkeypt þjónusta og leigugjöld | 20 | 3.707.539 | 3.522.891 |
| Annar rekstrarkostnaður | 21 | 1.582.021 | 1.148.682 |
| | | 52.281.310 | 46.886.492 |
| Fjárfesting í tækjabúnaði | 22 | 1.758.751 | 1.641.668 |
| Annar stofnkostnaður og endurbætur | 23 | 654.814 | 676.180 |
| **Gjöld samtals** | 13 | 54.694.876 | 49.204.341 |
| Tekjuhalli án fjármagnsliða | | ( 48.063.350) | ( 44.328.593) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 24 | 47.810 | 25.330 |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | ( 48.015.540) | ( 44.303.263) |
| Ríkisframlag | 10, 25, 31 | 48.071.200 | 43.553.920 |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli)** | 10 | 55.660 | ( 749.343) |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Efnahagsreikningur 31. des 2015

| Eignir | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Hlutabréf | 26 | 2.500 | 2.500 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 6, 27 | 751.107 | 748.320 |
| Skammtímakröfur | 7, 28, 29 | 1.777.135 | 1.416.573 |
| Handbært fé | 8 | 30.421 | 21.929 |
| Veltufjármunir | | 2.558.663 | 2.186.822 |
| **Eignir samtals** | | 2.561.163 | 2.189.322 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| **Höfuðstóll** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | ( 2.960.900) | ( 2.211.557) |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) | | 55.660 | ( 749.343) |
| Ójafnað eigið fé | 10 | ( 2.905.240) | ( 2.960.900) |
| **Annað eigið fé** | | | |
| Framlag til eignamyndunar í vörubirgðum | | 183.112 | 183.112 |
| Annað eigið fé | | 183.112 | 183.112 |
| Eigið fé samtals | | ( 2.722.128) | ( 2.777.788) |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Fjármögnunarleigusamningur | 11, 30 | 37.566 | 40.870 |
| Næsta árs afborgun | | ( 3.591) | ( 3.328) |
| | | 33.975 | 37.542 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ríkissjóður | 31 | 1.809.771 | 769.491 |
| Viðskiptaskuldir | 32 | 3.435.953 | 4.156.750 |
| Næsta árs afborgun fjármögnunarleigusamnings | | 3.591 | 3.328 |
| Skammtímaskuldir | | 5.249.315 | 4.929.568 |
| Skuldir samtals | | 5.283.290 | 4.967.110 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.561.163 | 2.189.322 |
| Eignir utan efnahagsreiknings | 33 | | |
| Skuldbindingar utan efnahagsreiknings | 34 | | |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Veltufé frá rekstri: | | | |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli)...................................................... | | 55.660 | ( 749.343) |
| Gjaldfærð fjárfesting samtals umfram ríkisframlag og styrki..... | 22, 15 | 78.299 | 90.560 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 133.959 | ( 658.783) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, (hækkun)................................................................. | | ( 2.787) | ( 13.647) |
| Skammtímakröfur, (hækkun)................................................. | | ( 360.562) | 128.588 |
| Viðskiptaskuldir, (lækkun)..................................................... | | ( 720.797) | 324.765 |
| | | ( 1.084.145) | 439.706 |
| **Handbært fé til rekstrar** | | ( 950.187) | ( 219.077) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Tækjabúnaður, annar stofnkostnaður og endurbætur................ | 22, 15 | ( 2.413.565) | ( 2.317.849) |
| | | ( 2.413.565) | ( 2.317.849) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborgun fjármögnunarleigusamnings .................................... | 11, 30 | ( 3.304) | ( 2.492) |
| Framlag á lokafjárlögum 2012 .............................................. | | 0 | 2.223.200 |
| Gjafir og styrkir til fjárfestingar í tækjum og öðrum stofnkostn. | | 287.667 | 363.289 |
| Framlag til stofnkostnaðar og endurbóta á fjárlögum ............... | | 2.047.600 | 1.864.000 |
| Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð: | 31 | | |
| Framlag ríkissjóðs................................................................. | | ( 48.071.200) | ( 45.777.120) |
| Greitt úr ríkissjóði.................................................................. | | 49.111.480 | 43.865.629 |
| | | 3.372.243 | 2.536.505 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé ................................................ | | 8.491 | ( 421) |
| Handbært fé í ársbyrjun ............................................................. | | 21.929 | 22.350 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 30.421 | 21.929 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskila:

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda.

### 2. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

### 3. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

### 4. Skráning tekna:

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáraukalaga.

### 5. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

### 6. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

### 7. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### 8. Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

### 9. Lífeyrisskuldbinding:

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## 10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 2.905 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2015 í meðfylgjandi sundurliðun.

| | | |
|---|---|---|
| Ójafnað eigið fé 1. janúar 2015 ................................................................ | | ( 2.960.900) |
| Tekjuhalli fyrir ríkisframlag ...................................................................... | ( 48.015.540) | |
| Ríkisframlag tímabilsins ............................................................................ | 48.071.200 | |
| Tekjuafgangur ársins | 55.660 | 55.660 |
| **Ójafnað eigið fé 31. desember 2015** | | **( 2.905.240)** |

## 11. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld er færð á núvirði að frádregnum greiddum afborgunum. Eftirstöðvar eru reiknaðar miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok, ef slíkur umreikningur á við.

## 12. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## Sundurliðanir og skýringar

## 13. Starfsþáttagreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2015 skiptist það í 12 aðskildar rekstrareiningar. Endurbætur, stofnkostnaður og tækjakaup og kostnaður vegna S-merktra lyfja er meðtalinn í kostnaði utan sviða. Kostnaður rekstrareininga árið 2015 greinist á eftirfarandi hátt.

| | **2015** | **2014** |
|---|---|---|
| Skrifstofa forstjóra............................................................ | 328.000 | 310.170 |
| Mannauðssvið.................................................................. | 204.806 | 159.911 |
| Fjármálasvið..................................................................... | 915.637 | 869.076 |
| Rekstrarsvið..................................................................... | 5.023.078 | 4.899.702 |
| Framkvæmdastj. hjúkrunar og framkvæmdastj. lækninga........ | 635.351 | 599.284 |
| Flæðisvið......................................................................... | 11.521.707 | 7.772.004 |
| Lyflækningasvið................................................................ | 9.570.176 | 8.619.715 |
| Skurðlækningasvið............................................................ | 5.227.116 | 4.692.688 |
| Kvenna- og barnasvið........................................................ | 6.079.873 | 5.450.774 |
| Geðsvið........................................................................... | 4.240.659 | 3.848.348 |
| Aðgerðasvið..................................................................... | 7.038.537 | 6.446.635 |
| Rannsóknasvið.................................................................. | 4.936.747 | 4.666.813 |
| | 55.721.685 | 48.335.119 |
| Utan sviða........................................................................ | 2.989.217 | 3.098.768 |
| Innri viðskipti á LSH.......................................................... | ( 4.016.027) | ( 2.229.546) |
| **Samtals** | 54.694.876 | 49.204.341 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## 14. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu hækka frá árinu 2014 um 8,1%.

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Rannsóknir........................................................................ | 1.333.440 | 1.421.439 |
| Komur á göngudeildir og bráðadeildir ................................. | 743.824 | 690.594 |
| Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum................. | 657.118 | 522.712 |
| Sérfræðiþjónusta, önnur...................................................... | 675.111 | 445.197 |
| Hjálpartæki og önnur seld þjónusta....................................... | 256.931 | 311.735 |
| **Samtals** | 3.666.424 | 3.391.677 |

## 15. Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði:

Styrkir og gjafir til kaupa á tækjabúnaði fyrir spítalann koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Framlög til stofnkostnaðar á fjárlögum eru ekki tekjufærð hér. Sjá skýringu nr. 25.

## 16. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður hækkar um 1.587,3 m. kr. á milli ára. Helstu ástæður hækkunarinnar eru breytt fyrirkomulag á sölu S-merktra lyfja samkvæmt lyfseðlum frá 1. maí 2015, rekstrartekjur vegna biðdeildar á Vífilsstöðum og aukin endurkrafa vegna sjúkraflutninga.

| | | |
|---|---|---|
| Selt fæði........................................................................... | 219.889 | 207.125 |
| Rannsókna- og þróunarverkefni........................................... | 48.755 | 62.274 |
| Þjónustusala til opinberra aðila............................................ | 525.200 | 0 |
| Önnur seld þjónusta........................................................... | 157.252 | 190.829 |
| Framlög og gjafir, aðrar en framlög til fjárfestingar................ | 48.614 | 62.129 |
| Vörusala........................................................................... | 1.290.097 | 179.485 |
| Leigutekjur....................................................................... | 107.685 | 101.020 |
| Aðrar tekjur...................................................................... | 211.444 | 218.720 |
| **Samtals** | 2.608.936 | 1.021.581 |

## 17. S-merkt lyf:

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) bera ábyrgð á kostnaði vegna S-merktra lyfja sjúklinga á dag- og göngudeildum. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ. Breyting á fyrirkomulagi við umsýslu og afgreiðslu S-merktra lyfja átti sér stað 1. maí 2015.

| | | |
|---|---|---|
| S-merkt lyf, sala til SÍ......................................................... | 3.310.378 | 4.806.278 |
| S-merkt lyf, álag jan til apríl og blöndunargjöld....................... | 49.246 | 51.076 |
| S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður...................................... | (3.291.126) | (4.758.153) |
| **Samtals** | 68.498 | 99.201 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## 18. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 11,3% frá fyrra ári.

| | | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Dagvinnulaun | | 21.545.820 | 19.461.460 |
| Yfirvinna | | 3.728.886 | 3.329.942 |
| Álagsgreiðslur | | 4.930.984 | 4.313.648 |
| Önnur laun | | 1.197.387 | 787.357 |
| Launatengd gjöld | | 7.241.744 | 6.827.300 |
| | **Samtals** | 38.644.821 | 34.719.707 |

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.739 að meðaltali á árinu 2015, en þau voru til samanburðar 3.752 á árinu 2014. Fjarvera starfsmanna í verkfalli kemur til fækkunar ársverka á árinu. Á árinu 2015 voru 4.923 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.827 á árinu 2014. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk. Áunnið ótekið orlof og annar ógreiddur launatengdur frítímaréttur er ekki færður í ársreikninginn, sbr. skýringu nr. 36.

## 19. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Vörunotkun hækkar um 11,4% á milli ára. Í skýringu nr. 27 má sjá vörubirgðir í lok áranna 2015 og 2014.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | | 3.222.369 | 3.391.907 |
| Lyf | | 2.805.007 | 1.671.833 |
| Rannsóknavörur | | 770.764 | 902.297 |
| | | 6.798.140 | 5.966.037 |
| | | | |
| Matvæli | | 762.548 | 681.832 |
| Orkugjafar | | 347.554 | 341.405 |
| Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur | | 187.948 | 173.732 |
| Byggingavörur | | 77.794 | 91.754 |
| Lín, fatnaður og hreinlætisvörur | | 172.945 | 240.452 |
| | | 1.548.789 | 1.529.175 |
| | | | |
| | **Samtals** | 8.346.929 | 7.495.212 |

## 20. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 3.708 m. kr. á árinu 2015. Þessi liður hækkar um 5,2% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk leigu- og leyfisgjalda.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta................................................................ | 1.129.135 | 1.089.233 |
| Verkkaup........................................................................ | 983.494 | 1.000.330 |
| Leigu- og afnotagjöld........................................................... | 417.082 | 446.965 |
| Ferðir, fundir, risna o.fl. ...................................................... | 416.580 | 374.578 |
| Aðkeyptur akstur................................................................ | 474.772 | 353.301 |
| Flutningaþjónusta............................................................... | 117.695 | 99.717 |
| Annað............................................................................ | 168.781 | 158.767 |
| **Samtals** | 3.707.539 | 3.522.891 |

## 21. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum minniháttar búnaði og tækjum. Kostnaðurinn hækkar um 433 m. kr. milli ára.

| | | |
|---|---|---|
| Opinber gjöld og tryggingar.................................................. | 433.657 | 416.690 |
| Framlag til rannsókna og gæðaverkefna................................ | 222.457 | 53.058 |
| Minniháttar tæki, áhöld, varahlutir......................................... | 809.775 | 595.912 |
| Ýmis óreglulegur kostnaður................................................. | 116.132 | 83.022 |
| **Samtals** | 1.582.021 | 1.148.682 |

## 22. Fjárfesting í tækjabúnaði:

Á reikningsárinu voru kaup Landspítalans á tækjabúnaði í megindráttum eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| Svæfingavélar og skjáir ........................................................ | 111.203 | 198.732 |
| Æðaþræðingartæki ............................................................... | 0 | 165.141 |
| Ísótópatæki ........................................................................ | 0 | 151.695 |
| Hjartaþræðingartæki ............................................................ | 0 | 134.154 |
| Sjúkrarúm ........................................................................... | 108.067 | 50.784 |
| Ómtæki ............................................................................... | 24.792 | 44.373 |
| Röntgentæki ........................................................................ | 126.601 | 31.188 |
| Kviðsjárspeglunarbúnaður .................................................... | 0 | 36.111 |
| Aðgerðaþjarkur ................................................................... | 281.012 | 0 |
| Röntgentæki ........................................................................ | 112.036 | 0 |
| Diskastæður ........................................................................ | 86.219 | 0 |
| Skurðarborð og skurðstofulampar ......................................... | 79.684 | 0 |
| Síritar .................................................................................. | 71.431 | 0 |
| Kjarnarannsókn, samstæða ................................................... | 65.881 | 0 |
| Gegnumlýsingartæki ............................................................ | 63.502 | 0 |
| Massagreinir ........................................................................ | 63.487 | 0 |
| Línuhraðall .......................................................................... | 50.319 | 0 |
| Tölvusneiðmyndatæki .......................................................... | 35.353 | 0 |
| Sótthreinsunarofnar ............................................................. | 31.870 | 0 |
| Maldi Tof tæki ..................................................................... | 24.869 | 0 |
| Annað .................................................................................. | 422.426 | 829.490 |
| **Samtals** | 1.758.751 | 1.641.669 |

# SKÝRINGAR

## 23. Annar stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur hér í sér nýkaup á fasteignum, ásamt endurbótum á innréttingum, húseignum og lóðum.

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Fossvogur, endurbætur utanhúss.......................................... | 30.881 | 129.364 |
| Gámaskrifstofur................................................................ | 23.688 | 109.675 |
| Hringbraut, endurbætur bráðalyfta........................................ | 42.245 | 75.273 |
| Landakot, endurbætur utanhúss............................................ | 44.367 | 75.180 |
| Aðalbygging, endurbætur utanhúss....................................... | 42.778 | 58.416 |
| Endurbætur, geðdeild........................................................... | 25.788 | 56.345 |
| Kjarnarannsóknastofa, endurnýjun....................................... | 20.356 | 47.772 |
| Lagfæring á vinnustöðvum til að auka skilvirkni..................... | 24.431 | 22.065 |
| Kvennadeild, sameining deilda.............................................. | 0 | 17.817 |
| Ísótópastofa, 10 G, endurbætur............................................. | 0 | 17.194 |
| Vélasalir, endurbætur.......................................................... | 0 | 14.098 |
| Endurnýjun í rafmagnssölum v/ brennisteinsmengunar í lofti.... | 0 | 10.529 |
| Tunguháls, endurnýjun og viðgerð þaks................................ | 23.489 | 5.079 |
| Fossvogur og Hringbraut, eldvarnir....................................... | 9.858 | 9.820 |
| Kvennadeild, endurnýjun á móttöku....................................... | 100.773 | 0 |
| Grensás, endurbætur utanhúss.............................................. | 49.083 | 0 |
| Vífilsstaðir, endurbætur utanhúss.......................................... | 38.807 | 0 |
| Ný varaaflvél..................................................................... | 29.728 | 0 |
| Hringbraut, kvennadeild, viðgerð vegna rakaskemmda........... | 27.340 | 0 |
| Dalbraut, þak og rakaskemmdir........................................... | 22.451 | 0 |
| Fossvogur, þök og utanhúss viðgerðir................................... | 16.183 | 0 |
| Aðalinngangur Eiríksgötu, viðgerð á þaki.............................. | 15.864 | 0 |
| Rúmaþjónusta..................................................................... | 14.108 | 0 |
| Hringbraut, ný DR stofa...................................................... | 12.790 | 0 |
| Annað................................................................................ | 39.807 | 27.553 |
| **Samtals** | 654.814 | 676.180 |

## 24. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans, sem einkum eru af kröfum á skuldunauta, eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 29. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur........................................................................ | 46.901 | 35.436 |
| Gengismunur...................................................................... | 23.230 | 15.065 |
| Vaxtagjöld......................................................................... | ( 22.321) | ( 25.171) |
| **Samtals** | 47.810 | 25.330 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## 25. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2015 voru Landspítala ætlaðar 45.770,1 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáraukalögum 2015 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 2.301,1 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2015 voru því samtals 48.071,2 m. kr.

| | Fjárlög ársins 2015 | Fjár- heimildir | Árs- reikningur | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | ( 35.526.200) | ( 38.189.879) | ( 38.644.821) | ( 454.942) |
| Önnur rekstrargjöld | ( 12.474.400) | ( 13.507.812) | ( 13.588.679) | ( 80.867) |
| Stofnkostnaður og endurbætur | ( 2.047.600) | ( 2.419.890) | ( 2.413.565) | 6.325 |
| Sértekjur | 4.278.100 | 6.046.381 | 6.631.525 | 585.144 |
| **Samtals** | ( 45.770.100) | ( 48.071.200) | ( 48.015.540) | 55.660 |

## 26. Hlutabréf:

Hlutafjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókna- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í tíu einkahlutafélögum á Íslandi og einu félagi í Lettlandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Óvissa er talsverð um raunverulegt fjárhagslegt verðmæti flestra þessara hluta. Þeir eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi.

## 27. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 0,4% milli áranna 2015 og 2014. Birgðir í árslok 2015 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 229.000 | 207.382 |
| Lyf | 215.944 | 224.323 |
| Rannsókna- og röntgenvörur | 233.562 | 253.915 |
| Rekstrarvörur | 57.336 | 47.565 |
| Matvæli | 15.265 | 15.135 |
| **Samtals** | 751.107 | 748.320 |

## 28. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

| | | |
|---|---|---|
| Heilbrigðisstofnanir | 196.068 | 201.831 |
| Sjúkratryggingar Íslands | 587.222 | 294.041 |
| Einstaklingar | 640.362 | 641.041 |
| Fyrirtæki og ýmsar stofnanir | 195.355 | 186.666 |
| Fyrirfram greiðslur vegna tækjakaupa | 0 | 155.744 |
| Aðrar kröfur | 359.912 | 138.835 |
| **Kröfur samtals** | 1.978.919 | 1.618.159 |
| Niðurfærsla krafna | (201.784) | (201.586) |
| | 1.777.135 | 1.416.573 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## 29. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

| | 2015 |
|---|---|
| Niðurfærslureikningur 1. janúar 2015 ........ | 201.586 |
| Gjaldfærðar afskrifaðar tapaðar kröfur 2015 ........ | ( 135.983) |
| Framlag í niðurfærslureikning 2015 ........ | 136.181 |
| Niðurfærslureikningur 31. desember 2015 ........ | 201.784 |

## 30. Langtímaskuldir:

Langtímaskuld í árslok er fjármögnunarleigusamningur við eignaleigufyrirtæki. Í ársreikningi 2015 er slíkur samningur flokkaður sem langtímaskuld þar sem samningskilmálar gera meðal annars ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og hagur af fjárfestingu sé færður yfir á Landspítala. Vísað er til upplýsinga um eignaleigusamninga frá fyrri árum í skýringu nr. 36. Hreyfingar og staða fjármögnunarsamningsins er sem hér segir:

| | Ógjaldfallnar eftirstöðvar | | Núvirtar eftirstöðvar | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2015 | 31.12.2014 | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
| Greiðslur á næsta reikningsári ........ | 6.334 | 6.334 | 6.080 | 6.079 |
| Greiðslur á öðru reikningsári og síðar ........ | 43.809 | 50.143 | 31.486 | 34.790 |
| | 50.143 | 56.477 | 37.566 | 40.869 |
| Framtíðar vaxtagjöld ........ | ( 12.576) | ( 15.607) | | |
| **Núvirtar eftirstöðvar ........** | 37.566 | 40.870 | | |

## 31. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam skuld spítalans við ríkissjóð tæpum 1.810 m. kr. Ríkissjóður hefur ekki krafist vaxta af þessari skuld. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Staða 1. janúar 2015 ........ | (769.491) |
| Ríkisframlag 2015 ........ | 48.071.200 |
| Mótteknar greiðslur ........ | (49.111.480) |
| Staða 31. desember 2015 ........ | ( 1.809.771) |

## 32. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# SKÝRINGAR

## 33. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2011-2015. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

**Yfirlit yfir rekstur og efnahag áranna 2011-2015, á verðlagi hvers árs:**

| *Fjárhæðir í millj.kr.* | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Tekjur | 6.632 | 4.876 | 4.615 | 4.229 | 3.636 |
| Gjöld | ( 52.233) | ( 46.861) | ( 43.557) | ( 39.815) | ( 36.998) |
| Stofnkostnaður og endurbætur | ( 2.414) | ( 2.318) | ( 1.737) | ( 875) | ( 1.173) |
| Gjöld umfram tekjur | ( 48.016) | ( 44.303) | ( 40.678) | ( 36.462) | ( 34.534) |
| Ríkisframlag samtals | 48.071 | 43.554 | 39.194 | 36.478 | 34.539 |
| Tekjuafgangur (halli) ársins | 56 | ( 749) | ( 1.484) | 16 | 5 |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Áhættufjármunir | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Veltufjármunir | 2.559 | 2.187 | 2.302 | 2.325 | 1.680 |
| Eignir samtals | 2.561 | 2.189 | 2.305 | 2.328 | 1.683 |
| Höfuðstóll | ( 2.905) | ( 2.961) | ( 4.435) | ( 2.951) | ( 2.967) |
| Annað eigið fé | 183 | 183 | 183 | 183 | 183 |
| Langtímaskuldir | 34 | 38 | 41 | | |
| Skammtímaskuldir | 5.249 | 4.930 | 6.516 | 5.095 | 4.467 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 2.561 | 2.189 | 2.305 | 2.328 | 1.683 |

## 34. Sérsjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í megindráttum flokka í tvennt:

*Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur*

Í þessum flokki eru 9 lögaðilar og 61 sjóður. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 43 og innstæða í árslok 2015 nemur samtals 509,1 m. kr.

*Rannsóknar- og vísindaverkefni*

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2015 er 207. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 27,8 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2015 um 597,7 m. kr.

# SKÝRINGAR

## 35. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2015.

| | Fasteignamat | Brunabótamat |
|---|---|---|
| Hringbraut | 11.775.830 | 17.626.455 |
| Fossvogur | 5.184.169 | 8.646.070 |
| Landakot | 1.452.170 | 2.266.440 |
| Kópavogur | 1.771.450 | 1.774.200 |
| Kleppur | 1.428.336 | 1.622.958 |
| Vífilsstaðir | 904.425 | 1.221.821 |
| Grensás | 786.250 | 1.224.050 |
| Tunguháls | 442.550 | 574.900 |
| Sumarhús starfsmanna | 214.467 | 262.940 |
| Aðrar eignir | 2.207.550 | 2.613.960 |
| **Samtals** | 26.167.197 | 37.833.794 |

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringum nr. 30 og 36 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

## 36. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

*Orlof og annar launatengdur frítímaréttur*

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt reikningsskilavenjum hjá ríkisstofnunum. Sama á við um annan sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2015. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Sumarorlof | 3.105.016 | 2.670.377 |
| Hvíldartímafrí | 921.981 | 692.122 |
| Vaktafrí og annar áunninn frítími | 285.905 | 265.170 |
| | 4.312.902 | 3.627.669 |

*Samningar*

Sjúkrahúsið hefur á fyrri árum gert marga eignaleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum. Þeir samningar hafa allir verið skilgreindir sem rekstrarleigusamningar, án tillits til samningsskilmála, og eftirstöðvar þeirra skuldbindinga því ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Sjá í þessu sambandi langtímaskuldbindingu í skýringu nr. 30. Auk þessara framangreindu eignaleigusamninga hefur

# SKÝRINGAR

spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga utan efnahagsreiknings á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

| | Skuldbinding | Til greiðslu | | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
| Tölvubúnaður | 65.067 | 22.910 | 22.910 | 22.910 |
| Lækningatæki og annar tækjabúnaður | 362.522 | 130.092 | 88.930 | 87.841 |
| Samtals vegna tækja | 427.589 | 153.002 | 111.840 | 110.751 |
| Hugbúnaðar- og þjónustusamningar | 587.008 | 203.761 | 203.761 | 203.761 |
| **Samtals** | 1.014.597 | 356.763 | 315.601 | 314.512 |

*Húsaleiga*

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 568,1 m. kr. í árslok 2015.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



LANDSPÍTALI

Útgefandi: Landspítali í apríl 2016 | Hönnun kápu: Íris Jónsdóttir | Ljósmyndun: Þorkell Þorkelsson | Prentun: Ísafoldarprentsmiðja - Umhverfissvottun 141 825